

kvaðst hann reiðubúinn að greiða honum 1000 kr. í bætur gegn því, að Ásgeir láti málið þar með falla niður.

Mætti kvaðst einnig reiðubúinn að greiða Steindóri Arasyni fullar bætur vegna árásarinnar á hann gegn því, að hann taki aftur kærú sína á hendur mætti. Þar sem ekki liggur fyrir ákveðin krafa frá Steindóri, verður að fresta afgreiðslu málsins, að því er hann varðar.

Mætti samþykkir að greiða kr. 100.00 sekt til Menningarsjóðs til þess að komast hjá málssókn út af broti hans, sem varðar við 21. gr. áfengis laga nr. 58/1954, og greiðist sektin innan 7 daga, og komi ella fyrir 2 daga varðhald. Þá greiði mætti 10 kr. í málskostnað fyrir sama tíma.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Sáttin hefur ítrekunaráhrif.

Priðjudaginn 18. október 1955.

Nr. 42/1954. Vesturnes h/f (Ragnar Ólafsson)

gegn

Faxaborg h/f (Theodór B. Líndal)

og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Skaðabótamál. Skip veldur spjöllum á öðru skipi.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1954 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 66.596.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Hann krefst og sjóveðréttar í v/b Faxaborg, RE 126, fyrir fjárhæðum þeim, sem dæmdar verða.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi þann 19. ágúst 1954 og áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður og aðaláfrýjanda verði

dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að dæmd fjárhæð í héraði verði lækkuð og hvorum aðilja gert að bera sinn kostnað af málinu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var v/b Blakknes, BA 119, bundið norðan við fremstu bryggjuna á Grandagarði í Reykjavíkurhöfn hinn 23. eða 24. desember 1954. Hinn 25. s. m. var v/b Faxaborg, RE 126, bundin utan á v/b Blakknes. Var festi úr v/b Faxaborg yfir í v/b Blakknes bæði að framan og aftan og auk þess festi úr v/b Faxaborg upp í bryggju að framan. Lágu skipin síðan þannig bundin fram til 5. janúar 1952, en kl. 3 aðfaranótt þess dags gerði æðiveður af suðaustri. Slitnaði þá festi sú, sem v/b Faxaborg var að framan bundin með í v/b Blakknes. Tók v/b Faxaborg að velta og berjast í stjórnborðssíðu v/b Blakknes. Um kl. 4 komu tveir menn um borð í v/b Blakknes, en spjöllum á því skipi varð eigi afstýrt. Brotnaði öldustokkur þess, skjólborð, skjólborðsstoðir, þröm og efsti byrðingsplanki.

Forráðamenn v/b Faxaborgar lögðu henni utan við v/b Blakknes og gengu frá festum hennar yfir í v/b Blakknes. Önnur þessara festa slitnaði í veðri því, sem þá var, og hlutust spjöllin á v/b Blakknesi af þeim sökum. Er eigi sennilegt, að spjöllin hefðu orðið, ef festar v/b Faxaborgar hefðu verið nægilega traustar. Að svo vöxnu máli verður að gera eiganda v/b Faxaborgar að greiða eiganda v/b Blakknes skaðabætur.

Aðaláfrýjandi hefur gert fyrir Hæstarétti kröfu til þeirrar fjárhæðar, sem greinir í kröfuliðum, merktum 1—4 í héraðsdómi, en felld niður kröfulið nr. 5.

- |                                                                                                                                                                                                                                                                  |               |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|
| 1. Viðgerð sú á v/b Blakknesi, er gagnáfrýjanda ber að bæta, nam .....                                                                                                                                                                                           | kr. 26.000.00 |
| 2. Aðaláfrýjandi greiddi skipstjóra á v/b Blakknesi, stýrimanni og tveimur vélstjórum kaup í 27 daga, meðan á viðgerð stóð. Eðlilegt var, að aðaláfrýjandi héldi mönnum þessum í þjónustu sinni. Á gagnáfrýjandi því að bæta honum fjárútlát af þeim sökum ..... | — 14.420.16   |
| 3. Gagnáfrýjanda ber að greiða orlofsfé af mannakaupinu .....                                                                                                                                                                                                    | — 576.80      |

4. Aðaláfrýjandi hefur lagt fram ýmis gögn, er hann telur sanna, að tjón hans af rekstrarstöðvun skipsins hafi numið kr. 25.600.00. Ætla má, að hann hafi beðið tjón af þessum sökum, og þykir hæfilegt með hliðsjón af gögnum málsins að gera gagnáfrýjanda að bæta honum það með — 10.000.00

Samtals kr. 50.996.96

Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og samtals kr. 7500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur aðaláfrýjandi sjóveð í v/b Faxaborg, RE 126, fyrir nefndum fjárhæðum.

#### Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Faxaborg h/f, greiði aðaláfrýjanda, Vesturnesi h/f, kr. 50.996.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og samtals kr. 7500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hefur aðaláfrýjandi sjóveð í v/b Faxaborg til tryggingar nefndum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. apríl 1954.**

Mál þetta, sem var dómtekið 18. f. m., hefur Vesturnes h/f, Patreksfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1952, gegn Faxaborg h/f, hér í bæ, til greiðslu á kr. 67.796.96 með 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í v/b Faxaborg, RE 126, fyrir dómkröfunum.

Stefndi hefur aðallega krafist sýknu og málskostnaðar, en til vara lækunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. eða 24. desember 1951 kom v/b Blakknes, BA 119, eign stefnanda, hingað til Reykjavíkur og var þá bundinn norðan við fremstu bryggjuna á Grandagarði hér í höfninni. Einum eða tveimur dögum síðar var v/b Faxaborg, RE 126, bundin utan á Blakknes.

Eigi var leitað samþykkis hafnaryfirvalda til legu skipanna á þessum stað, og af hálfu stefnda var eigi leitað leyfis hjá stefnanda til að leggja Faxaborg utan á Blakknes. Varðmenn voru í hvorugu skipanna, en skipstjórar beggja skipa hafa skýrt svo frá, að litið hafi verið eftir þeim daglega. Að morgni 5. janúar 1952 gerði aftaka-veður af SA, og slitnaði þá „springur“, sem Faxaborg var bundin með að framan í Blakknes. Tók Faxaborg að velta og berjast við stjórnbörðssíðu Blakkness. Við þetta brotnaði Blakknes nokkuð, svo sem öldustokkur, skjólbörð, skjólbörðsstoðir, þröm og efsti byrðingsplanki. Einnig urðu nokkrar skemmdir á bakbörðssíðu Faxaborgar, en þær virðast hafa verið minni en á Blakknesi. Þegar þetta gerðist, var hafinn undirbúningur þess, að Blakknes færi á togveiðar hinn 12. janúar. Í stað þess fór það til viðgerðar, er hófst 14. janúar og var lokið 20. febrúar 1952. Stefnandi telur stefnda skylt að bæta það tjón, sem stafaði af atburði þessum, enda hafi skemmdir á skipinu stafað af því, að eigi hafi verið nægilega vel gengið frá festingu Faxaborgar. Hefur stefnandi sundurliðað stefnukröfuna svo:

|                                                                                          |               |
|------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður .....                                                              | kr. 26.000.00 |
| 2. Kaup skipstjóra, stýrimanns og tveggja vélstjóra —                                    | 14.420.16     |
| 3. Orlofsfé af fjárhæðinni samkvæmt 2. lið .....                                         | — 576.80      |
| 4. Rekstrarstöðvun skipsins í 32 daga .....                                              | — 25.600.00   |
| 5. Aðstoð við að bjarga Faxaborg frá skemmdum og binda hana örugglega 5. jan. 1952 ..... | — 1.200.00    |

Alls kr. 67.796.96

Aðalkrafa stefnda er byggð á því, að hér hafi verið um óviðráðanleg atvik (vis major) að ræða, og geti hann því ekki borið ábyrgð á tjóni því, sem af hlaut. Sýnt sé, að veðrið hafi verið eindæma vont, en Faxaborg hafi verið sæmilega bundin, bæði í bryggjuna og við Blakknes. Varakrafan er öðrum þræði byggð á því, að báðir aðiljar eigi sök á því, að festar Faxaborgar dugðu ekki til að standast veðrið.

Viðurkennt er í málinu, að hvorugt skipanna hafði leyfi hafnaryfirvalda til legu á þessum stað. Stefnandi gerði ekki athugasemdir við það, að Faxaborg var lagt utan á Blakknes og látin liggja þar þessa daga, og fyrr var því lýst, að daglegt eftirlit var haft með báðum skipum og landfestum þeirra. Þessar staðreyndir þykja valda því, að hvor aðilji verði talinn bera jafna ábyrgð á því tjóni, er af atviki þessu hlaut, og verður stefnda því gert að bæta tjón stefnanda að hálfu. Stefndi hefur áskilið sér rétt til að krefja stefnanda síðar um bætur fyrir tjón það, er varð á Faxaborg við þetta tækifæri.

Að hinu leytinu er varakrafa stefnanda byggð á andmælum gegn kröfuliðum stefnanda og fjárhæð þeirra. Verða þeir því athugaðir hver um sig.

Um 1. Stefnandi hefur lagt fram reikning um viðgerðarkostnað.

inn, að fjárhæð kr. 27.505.15. Sýnt þykir, að viðgerðin stafar öll af skemmdum þeim, er skipið varð fyrir 5. janúar 1952, nema hreinsun á botni og botnmálning, en óvefengt er, að sá hluti af viðgerðinni hafi kostað um 1200.00 krónur. Samkvæmt þessu verður kröfuliður stefnanda tekinn til greina óbreyttur og stefnda gert að greiða af honum kr. 13.000.00.

Um 2 og 3. Stefndi hefur vefengt, að þörf hafi verið að hafa svo marga menn (4) fastráðna á skipið, meðan á viðgerð stóð, svo og kaupi því, sem stefnandi reiknar þeim. Því var áður lýst, að yfir stóð undirbúningur til togveiða, er hefjast skyldu 12. janúar. Hluti slíks undirbúnings var að sjálfsögðu útvegum yfirmanna á skipið, og eðlileg og nauðsynleg ráðstöfun þykir það hafa verið hjá stefnanda að halda mönnum þessum í sinni þjónustu, meðan á viðgerð stóð, til þess að eiga ekki á hættu að standa uppi án slíkra starfsmanna, þegar veiðar gætu hafizt. Kaup mannanna, það er stefnandi reiknar þeim, var tímakaup, kr. 16.69 um tímann, og 8 stunda vinna á dag í 27 virka daga. Er það eigi hærra en vera ber eftir kaup- og kjarasamningi F.F.S.Í. og L.Í.Ú. frá 28. desember 1950 og samkomulagi sömu aðilja frá 13. júní 1951. Verða þessir kröfuliðir því teknir til greina óbreyttir og stefnda gert að greiða helming þeirra, kr. 7210.08 + 288.40, eða kr. 7498.48.

Um 4. Stefndi hefur rökstutt þenna kröfulið með því, að hann hafi átt þess kost að láta Blakknes annast flutninga á olíu, benzíni og öðrum vörum, einkum til Kópaskers og Raufarhafnar. Telur hann, að á því tímabili, sem viðgerðin stóð yfir, hefði Blakknes getað flutt svo mikið magn af þessum varningi, að flutningsgjöld hefðu numið um kr. 124.000.00, en gjöld við rekstur skipsins á sama tíma um kr. 59.000.00. Samt hafi hann stillt kröfu sinni svo í hóf, sem raun er á.

Stefndi hefur mjög vefengt, að skipið hefði á þeim tíma árs, sem hér ræðir um, getað farið svo margar ferðir, sem stefnandi gerir ráð fyrir, eða flutt svo mikið magn, enda ósýnt, að svo mikil hafi verið þörf slíkra flutninga. Þá hefur hann einnig eindregið mótmælt því, að rekstrarútgjöld hefðu ekki orðið miklum mun hærri en stefnandi vill vera láta, og hefur stefndi bent á ýmsar tegundir slíkra gjalda, sem ótalin eru í yfirliti stefnanda. Þá sé þess og að gæta, að kröfugerð stefnanda samkvæmt 2. og 3. kröfulið hér að framan samrýmist ekki kröfugerð hans eftir þessum lið.

Eigi þykir unnt að telja af þeim gögnum, sem fram hafa komið um þessi atriði, að öruggt sé, að stefnandi hafi misst rekstrarhagnað þann tíma, sem viðgerð á skipi hans stóð yfir, og verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda samkvæmt þessum lið.

Um 5. Gegn eindregnum andmælum stefnda verður þessi liður ekki tekinn til greina, enda eigi rökstuddur á neinn hátt.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 13.000.00 + 7498.48, eða alls kr. 20.498.48, með

vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, er ákveðst kr. 2600.00, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Faxaborg, RE 126, til tryggingar þeim fjárhæðum.

Í dóminum áttu sæti Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson og Þorgrímur Sigurðsson, skipstjórar.

#### Dómsorð:

Stefndi, Faxaborg h/f, greiði stefnanda, Vesturnesi h/f, kr. 20.498.48 með 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og kr. 2600.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Faxaborg, RE 126, til tryggingar fjárhæðunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. október 1955.

Nr. 157/1954. Þórhallur Þorgeirsson

(Guðmundur Ásmundsson)

gegn

Dánarbúi Magnúsar Kjartanssonar og  
Sveini Magnússyni (Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Endurgreiðsla ofgreidds viðgerðarkostnaðar á bifreið.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1954. Málsaðilinn Magnús Kjartansson hefur látizt, meðan á áfrýjun málsins stóð, en dánarbúi hans komið í hans stað.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 7299.51 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 974.14 frá 9. október 1952 til 29. s. m., af kr. 5795.89 frá 29. október 1952 til 9. apríl 1953 og af kr. 7299.51 frá síðastnefndum degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.